

anda, Guðlaugs Rósinkranz, að birta auglýsingu samkvæmt framanskráðu í 1. eða 2. hefti tímaritsins „Helgafells“, sem út kemur að liðnum aðfararfresti í máli þessu og eftir að auglýsingin og krafa um birtingu hennar hefur komið fram frá stefnanda.

Stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 3. febrúar 1956.

Nr. 131/1955. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Arthur Wood Bruce** (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

### Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóuppdrátt eftirtalda staði togara ákærða samkvæmt mælingum varðskipsins þann 18. júlí 1955: Kl. 19,52 mældist staður togarans um 1,4 sm fyrir innan fiskveiðimörkin, kl. 20,08 um 0,8 sm fyrir innan fiskveiðimörkin og kl. 21,45 um 0,2 sm fyrir innan fiskveiðimörkin við dufl það, sem varðskipið setti við hlið togarans kl. 20.54. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem vitnað er til í hinum áfrýjaða dómi. Með framangreindri athugasemd og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu hefur eigi breytt frá uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða all-

an áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

### Dómsorð :

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Arthur Wood Bruce, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Akureyrar 20. júlí 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, út gefinni af dómsmálaráðherra í dag, gegn ákærða, Arthur Wood Bruce, skipstjóra á enska togaranum Valafell, GY 383, til heimilis í Grimsby í Englandi, fyrir meint brot á 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara um kl. 8—9 að kvöldi mánudagsins 18. þ.m. út af Þistilfirði innan takmarkalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Er hann ákærður til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Arthur Wood Bruce, er fæddur í Skotlandi 23. september 1919 og hefur ekki samkvæmt framlögðu hegningarvottorði fyrr sætt kæru eða refsingu fyrir neitt afbrot hér á landi.

Málsatvik eru sem nú skal greina:

Mánudaginn 18. þ. m. var varðskipið Óðinn statt austur af Hraunhafnartanga á S-A leið, er togari sást framundan, og hélt hann S-A-læga stefnu. Kl. 19,52 var gerð eftirfarandi staðar-ákvörðun á togaranum:

○ Þverárhryna ≠ Raufarhafnarvita > 44° 30'  
Hraunhafnartangavita

Stefna varðskipsins er þá r/v 111° og togarinn beint framundan í 4.8 sm fjarlægð eftir radar, og sýndi það togarann 1.3 sm innan fiskveiðitakmarkanna. Var nú ferð varðskipsins aukin. Kl. 20.08 var stefna varðskipsins sú sama 111° r/v, þegar gerð var eftirfarandi staðarákvörðun:

△ Sandhaugur	
Raufarhafnarviti	> 41° 36'
○ Gefla	> 24° 34'

og um leið var mælt:

togarinn	
△ Sandhaugur	> 76° 16'

og var togarinn þá svo til beint framundan í 3.6 sm fjarlægð eftir radar, og sýndi það stað hans um 1.0 sm innan fiskveiðitakmarkanna. Virtist togarinn þá halda lítið eitt til bakborða, og nálgast nú varðskipið hann óðum. Kl. 20.39 dró varðskipið upp stöðvunarmerki. Kl. 20.46—20.48 var þremur lausum skotum skotið, en togarinn hélt enn áfram að toga. Kl. 20.50 var kúluskoti skotið, og gaf þá togarinn frá sér hljóðmerki, en hélt þó enn áfram. Kl. 20.54 var varðskipið komið samsíða togaranum og lét þá út dufl rétt við bakborðshlið togarans. Enn var haldið áfram að toga, en kl. 20.58 var byrjað að hífa upp vörpuna á togaranum og sást fiskur í henni, en virtist lítill. Varðskipið lagði síðan að hlið togarans, og var skipstjóri hans kvaddur um borð í varðskipið og var honum skýrt frá því, að hann væri að veiðum innan fiskveiðitakmarka, og var skipstjóra boðið að taka þátt í staðarákvörðun skipanna. Kl. 21.45 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við duflið, sem varðskipið hafði sett niður við hlið togarans, þ. e. innan við hann:

△ Gunnólfsvíkurfjall	
△ Geirlaug	> 47° 25'
○ Gefla	> 46° 35'

dýpi 175 m. Fjarlægð í Melrakkane 11.0 sm eftir radar, og er það 0.3 sjómíliur innan takmarkanna. 2. stýrimaður og einn háseti voru settir um borð í togarann og lagt fyrir hann að fylgja varðskipinu eftir til Akureyrar, og var kl. þá 23.35. Til Akureyrar var komið kl. 14.25 þ. 19. þ. m. Kl. 21.00 þ. 18. þ. m. var veðrið: hægviðri, skýjað, skyggni gott. Sjór: V 2.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum, þegar varðskipið nálgast skip hans, og hafi hann verið

að draga vörpuna inn, þegar skipið kom að honum. Samkvæmt skýrslu yfirmanna varðskipsins hafði ákærði ekkert við framan- greindar staðarákvarðanir þeirra að athuga, en þegar fyrir rétt kom, vildi hann ekki viðurkenna þær. Við sjálfar athuganirnar hefur hann talið sig hafa það að athuga, að skyggni hafi ekki verið vel gott, því þokuslæðingur hafi verið og um tíma nokkur súld. Hefur hann viðurkennt, að honum hafi af varðskipsmönnum verið boðið að gera sextantmælingar á tökustaðnum, en hann hefur staðfest, að hann hafi ekki getað það, vegna þess að hann hafi ekki getað séð einn miðunarstaðinn (þann í miðið). Þá hreyfði hann andmælum út af því, að sjókort hans væri ekki eins og kort varðskipsmanna, og bar það, að eftir þeirra korti og staðsetningum hefði hann verið 0.3 sm innan línunnar, en samkvæmt sínu korti 1 sm utan línunnar. Sjókort það, sem hann var með á tökustaðnum og lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 4, er af öllu landinu og í miklu minni mælikvarða en íslenzku kortin. Gerði skipherra varðskipsins athuganir á því, hver væri stytzta vegalengd frá Melrakkanesi að friðunarlínunni eftir hvoru tveggja kortanna, og reyndist það 10 sm á korti togarans, en 10.3 sm á korti hans sjálfs. Athugað var um að setja út mælingar varðskipsmanna á kort skipstjóra, en það reyndist ekki mögulegt með neinni nákvæmni, vegna þess að mælipunktur og sum nöfn miðunarstaða vantaði á það.

Ákærði skýrði svo frá, að þetta hefði verið hans fyrsta tog, eftir að hann kom frá Englandi. Þegar hann kom á þessar slóðir, kvaðst hann hafa farið að fiskidufli, sem togarinn Cape Cleveland hafði lagt út, og hafði skipstjóri hans sagt honum, að það væri  $\frac{3}{4}$  sm utan landhelgi. Kvaðst hann hafa kastað skammt frá dufli þessu og togað innan við það í ASA. Telur hann sig þá hafa verið  $\frac{1}{4}$ — $\frac{1}{2}$  sm utan friðunarlínunnar. Eftir ósk ákærða mældi varðskipið stað bauju þessarar, og setti skipherrann það út á sjó- kort, er lagt hefur verið fram í réttinum, og reyndist það vera 0.15 sm utan línu, en samkvæmt útsetningu á því, er skipherrann gerði í réttinum, var það 0.17—0.18 sm utan línu. Hefur ákærði leitazt við í rannsókn málsins að bera fyrir sig framan- greinda staðsetningu skipstjórans á Cape Cleveland.

Þá hefur ákærði viljað bera eftirfarandi fyrir sig. Eftir að varð- skipið var lagzt við hlið togarans, gerðu 1. og 2. stýrimaður varð- skipsins ásamt ákærða athuganir á radar og áttavita á stað tog- arans, og taldist þeim til, að hann væri miðað við Melrakkanes 208° og settu það því út á korti ákærða, sbr. dskj. nr. 4, og sýndi það togarann utan línu. Þegar þeir stýrimennirnir voru búnir

að setja þetta út á kortinu, endurtóku þeir athugunina saman og fengu þá 218°. Hafa stýrimennirnir viðurkennt þetta, en þeir hafa báðir talið, að líkur væru á mislestri við fyrri mælinguna, og hér hafi ekki verið höfð sú nákvæmni við, sem nauðsynlegt sé, ef byggja eigi á radarathuguninni, en telja, að það hafi ekki verið meiningin með þessu. Ákærði hefur hins vegar viljað halda því fram, að ekkert hafi verið við þetta verk að athuga hjá þeim, enda hafi hann bæði fylgzt með áttavita og radar við athugunina.

Þegar litið er til þess, að staður togarans varð ekki settur út á sjókort ákærða, verður ekki hægt að byggja á mismun þeim, er virtist vera á sjókortunum. Ekki verður heldur neitt lagt upp úr umsögn ákærða um stað fiskiduflsins frá b/s Cape Cleveland, þar sem það reyndist rangt samkvæmt útreikningum varðskipsmanna, og þar sem sextantmælingar við góð skilyrði eru að álitni hinna sérfróðu manna dómsins miklu öruggari en radarmælingar, og þegar jafnframt eru athuguð atvik að radarathugun þeirri, er fram fór í togaranum, telur rétturinn, að hún haggi ekki við mælingum varðskipsins. Þar sem hins vegar skipherra varðskipsins og báðir stýrimennirnir hafa borið það og staðfest það með eiði sínum, að skilyrði til hornamælinga hafi verið góð og þeir hafi allir gert þær og sannprófað þær þannig, þá sé ekki unnt annað en að taka þær sem fullgilda sönnun fyrir stað togarans og að hann hafi verið innan friðunarlínunnar, og þar sem ákærði hefur viðurkennt að hafa verið að togveiðum á þessu svæði á tíma þeim og stað, er í ákæru greinir, er sök hans, sbr. ákæru, nægilega upplýst. Varðar brot þetta ákærða við ákvæði þau, er í ákæru greinir og tilfærð eru hér að framan.

Samkvæmt mælingabréfi togarans er brúttórúmllestærð hans 380.02, og samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands er gullgengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðla-krónum.

Með hliðsjón af framanrituðu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin kr. 74.000.00 í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Afli og veiðarfæri um borð í togaranum Valafell, GY 383, þar með taldir dragstrengir, skulu upptæk gerð, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi var kveðinn upp af Sigurði M. Helgasyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt meðdómendunum Þorsteini Stefánssyni hafnarverði og Benedikt Steingrímssyni fyrrverandi hafnarverði.

## D ó m s o r ð :

Ákærði, Arthur Wood Bruce, greiði kr. 74.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Valafell, GY 383, verði gerð upptæk, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. febrúar 1956.

Nr. 176/1954. **Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs**

(Sigurður E. Olason)

gegn

**Eiríki Eiríkssyni**

**og gagnsök** (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um ábyrgð á tjóni farþega, er hafði ókeypis far með bifreið og hlaut meiðsli vegna mistaka ökumanns.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1954, gerir þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. nóvember 1954. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 99.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. september 1954 til greiðsludags og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hafði ókeypis far í bifreið löggæzlumanna á vegum úti, R 1212, þá er slys það varð, er í málinu greinir. Flutningur á gagnáfrýjanda var eigi framkvæmd á starfa